

# Hvað á að gera við Nesstofu?



Jón Ólafur Ísberg

joli@centrum.is

Í ALLMÖRG ÁR hafa verið uppi hugmyndir að koma lækningaminjasafni fyrir í Nesstofu eða byggja sérstakt safn í nágrenni hússins. Nesstofa var byggð á árunum 1761-1763 sem embættisbústaður landlæknis og þar bjuggu fyrstu landlæknar Íslands til ársins 1833, og um tíma einnig lyfsali. Á fyrstu árum landlæknis var tekið á móti sjúklingum í Nesi og landlæknir tók til sín nemendur og kenndi þeim læknisfræði. Stofnun landlæknisembættis 1760 markar upphaf opinberrar heilsugæslu og heilbrigðisþjónustu og staðfesti að heilbrigði þegnanna væri eitt af hagsmunamálum yfirvalda. Hlutverk stjórnvalda var að sjá til þess að fólk væri heilbrigt, meðal annars með forvarnarráðstöfunum og að búa til það félagslega og efnahagslega umhverfi sem kæmi í veg fyrir útbreiðslu sjúkdóma. Í Nesstofu var sannarlega upphaf íslenskrar heilbrigðisþjónustu.

**Er ástæða til að stofna safn um sögu læknisfræðinnar, lækna og lækningar í Nesstofu eða nágrenni hennar?** Margir lækna hafa verið fylgjandi þessari hugmynd og hún nýtur stuðnings Læknafélags Íslands sem hefur jafnframt haldið því fram að það sé í verkahring Þjóðminjasafns Íslands að reisa hús yfir safnið. Gömul læknisverkfæri sem voru til sýnis um tíma í Nesstofu eru hluti af Þjóðminjasafni og starfsmaður safnsins hafði umsjón með því. Í *Læknablaðinu* hefur verið fjallað um þessi mál og þar sagði meðal annars: „Staðan er sú að þótt Nesstofa sé hið mætasta hús og merkileg bygging þá er hún ekki vel fallin til sýninga á öðru en sjálfri sér. Nútíminn gerir kröfur til þess að rúmt sé um sýningargripi og safngesti og þess vegna var efnt til samkeppni um byggingu húss sem rúmað gæti sýningarsal, bókasafn og vinnuádstöðu fyrir fræðimenn“ (*Læknablaðið* 2005; 91: 372-5). Teikning af safnahúsi liggur á borðinu og vísað er til hugmynda Jóns Steffensen um uppbyggingu á slíku safni en erfðafé hans átti meðal annars að nota til eflingar og rannsókna á sögu læknisfræðinnar.

**En hvað á að sýna í þessu safni, hvers vegna á að sýna það og hvert er markmiðið með sýningarhaldinu?** Þeim spurningum hefur ekki verið svarað til hlítar. Á Íslandi eru fjölmörg söfn víða um land sem flest eru keimlík en á síðari árum hafa risið söfn þar sem einblínt er á ákveðin verkefni eða þemu, til dæmis Síldarminjasafnið á Siglufirði, Vesturfarasafnið á Hofsósi og Textílsafnið á Blönduósi. Einkenni allra þessara safna er að í þau er safnað saman gömlum hlutum sem tengjast

viðfangsefninu og þeir merktir á einfaldan hátt. Yfirleitt er gert ráð fyrir töluverðri þekkingu á efninu til þess að gestir geti notið sýningarinnar en til að hjálpa til er stundum gefin út leiðsögn um safnið eða hengd upp upplýsingaspjöld. Á allra síðustu árum hefur tölvutækni verið nýtt til sýningahalds og gefast þá mun fleiri möguleikar til að koma upplýsingum á framfæri með myndum, hljóði eða meiri texta. Nokkur söfn, svo sem Þjóðminjasafnið og Rafheimar við Elliðaár, bjóða upp á safnakennslu og taka á móti skólakrökkum sem fá leiðsögn og kennslu í þeim viðfangsefnum sem eru á safninu. Víða um lönd hafa verið sett á laggirnar söfn um lækna og lækningar, læknisfræði og lyfjafræði. Flest þessara safna eru hefðbundin, þar eru sýndir gamlir hlutir, myndir, líkamshlutar, beinagrindur, lyfjaglös og svo framvegis, þannig er til dæmis Lyfjafræðisafnið við hlið Nesstofu og Lækningaminjasafnið í Kaupmannahöfn. Þessi söfn fá yfirleitt ekki mikla aðsókn og eru sjaldnast notuð til annars en að geyma gamla hluti. Hugmyndin um læknaminjasafn eins og hún hefur verið kynnt er í þessum farvegi og er ekki líkleg til að auka þekkingu og áhuga á læknisfræði í fortíð og nútíð.

Að byggja yfir gamla hluti sem hafa litla sem enga skírskotun til heilbrigðismála nútímans þjónar takmörkuðum tilgangi fyrir almenning þótt það geti verið athyglisvert fyrir áhugamenn um sögu læknisfræðinnar, sérstaklega þá sem hafa áhuga á aðgerðatækni fortíðarinnar. Sú hugmynd að byggja heilt safn fyrir slíka hluti með bókasafni og vinnuádstöðu fyrir fræðimenn, eins og teikning arkitekta að lækningaminjasafni gerir ráð fyrir, er úrelt í ljósi nútímataekni og þeirrar aðstöðu sem nú þegar er til staðar á Landsbókasafni Íslands – Háskólabókasafni og Þjóðminjasafni.

Í grein í *Læknablaðinu* (2005; 91: 294-7) „Sagan stendur hjartanu næst“ segir Bengt W. Johansson meðal annars að nú á dögum sé allt umreiknað til fjár en saga læknisfræðinnar geti líka verið arðbær, og bætir við: „Í samfélagi nútímans verða nýjungar fljótt að hátísku. Það gildir einnig um læknávisindin. Vissulega verðum við að lifa í nútíðinni, en saga læknisfræðinnar opnar augu okkar fyrir því að það sem er talið óyggjandi sannindi í dag getur þurft að vikja fyrir öðrum óhrekjanlegum sannleik strax á morgun. ... Saga læknisfræðinnar kennir okkur hversu mikilvægt er að sjúklingurinn sé ávallt miðpunktur athyglinnar. Hippókrates benti á þetta

Höfundur er sagnfræðingur.

fyrir meira en 2000 árum og enn er þörf á að ítreka það". Í *Legene og samfundet* (Oslo 1986) segir Øvind Larsen, fyrrverandi prófessor í félagslæknisfræði í Osló, að eitt mikilvægasta hlutverk læknisins sé og hafi verið hið samfélagslega. Læknar beri fyrst og fremst skyldur til þess að gera samfélagið betra og heilsusamlegra með orðum og athöfnum byggðum á læknisfræðilegri þekkingu. Það sé ekki þeirra að reisa minnismerki og guma af fortíðinni heldur láta verkin tala.

Það er með þessari nálgun sem hægt er að svara spurningunni um læknaminjasafn við Nesstofu játandi. **Með því að standa að rekstri og uppbyggingu fræðslu- og minjaseturs um heilbrigðismál í nútíð og fortíð í eða við Nesstofu, í samvinnu við fleiri aðila, væri Læknafélag Íslands að standa undir þessum samfélagslegu skyldum og halda á lofti merki íslenskra lækna allt frá dögum Hrafns Sveinbjarnarsonar.** Fræðslu- og minjasetur um heilbrigðismál sem setti manneskjuna í öndvegi gæti þjónað skólum, stofnunum og öllum almenningi að því gefnu að það væri byggt upp í tengslum við þessa aðila og markmiðin væru skýr. Fræðslu um heilbrigðismál hefur ætíð verið vel tekið á Íslandi og hún hefur mjög líklega haft meiri áhrif til bættar heilsu landsmanna en beinar læknisaðgerðir. Áhersla á fræðslu um heilbrigðismál hefur frá fyrstu tíð ráðist af því viðhorfi að njóti maðurinn réttar fræðslu taki hann skynsamlegar ákvarðanir og líf hans beinist inn á æskilegar brautir. Heilbrigðismál verður að skoða í víðum skilningi og tengja við samfélag nútímans. Ekki má gleyma því að lengi vel var læknisfræði nátengd náttúrufræði og þar með umhverfismálum, og enn í dag er fjölmargt í daglegu lífi sem á sér heilbrigðisfræðilegar forsendur en er



Nesstofa til hægri, hús lyfjafraeðinga til vinstri.  
Ljós. –PH.

í umsjón annarra aðila en heilbrigðisstétta. Vitund um heilbriggt líferni nær til margra ólíkra þátta og er ekki eingöngu á forræði og ábyrgð einstakra fagstétta heilbrigðisgeirans heldur einnig einstaklinganna sjálfra og samfélagsins í heild.

Með því að skilgreina hlutverk Nesstofu og næsta nágrennis, þar á meðal Lyfjafraeðisafns og hugsanlega sérstaks Lækningaminjasafns, á þessum forsendum og tengja starfsemina við fræðslu- og upplýsingamiðstöð um heilbrigðismál fyrir almenning væri arfi Jóns Steffensen vel varið. Ástæða væri til að hafa samvinnu við ýmsar stofnanir eins og Landlæknisembættið, Lýðheilsustöð, ÍSÍ og fyrirtæki, auk fagfélaga heilbrigðisstétta og áhugafélög sem tengjast viðfangsefninu. Væntanlega þarf að byggja hús í nágrenni Nesstofu og þar yrðu að sjálfsögðu geymdar minjar úr heilbrigðissögunni en fyrst og fremst væri þar safn þekkingar og miðstöð miðlunar um heilbrigðismál eins og var hjá Bjarna Pálssyni við upphaf íslenskrar heilbrigðisþjónustu fyrir tæpum 250 árum síðan.

## Danir styrkja Nesstofu

ENDURBYGGING Nesstofu stendur nú yfir og er unnið að því að gera upp þann hluta hússins sem skilinn var eftir á sínum tíma. Þar er um að ræða íbúð fyrsta landlæknisins í austurhluta hússins ásamt loftinu. Gert er ráð fyrir að endurbyggingunni ljúki í árslok 2006. Framkvæmdaáætlun hljóðar upp á liðlega 20 milljónir króna og hlotnaðist Þjóðminjasafninu danskur styrkur til að kosta endurbygginguna.

Styrkurinn nemur tveimur milljónum danskra króna sem samkvæmt gengi dagsins eru 21.400.000 íslenskar krónur. Hann kemur frá einum gildasta menningarssjóði Danmerkur, Augustinerfonden, og er nokkur saga að segja frá því

hvernig styrkveitinguna bar að. Þannig var að á síðastliðnu hausti hafði danski læknirinn Povl Riis samband við Tómas Árna Jónasson fyrrverandi formann Læknafélags Íslands og skýrði honum frá samræðum sem hann hafði átt við stjórnarmenn í Augustinerfonden. Povl er ráðgjafi stjórnarinnar á sviði heilbrigðismála og eftir einn fundinn var farið að spjalla saman. Talið barst þá að gömlu steinhúsunum sem Danakóngur lét reisa á Íslandi á 18. öld og kom í ljós að stjórnarmenn þekktu til þeirra. Höfðu þeir áhuga á að stuðla að varðveislu þessara húsa þar sem þau væru hluti af sögu danska nýlendveldisins.

Íslandsvinurinn Povl Riis gerir það ekki endasleppt við íslenska menningu.



Tómas sendi Povl nánari upplýsingar um Nesstofu og fékk þau skilaboð til baka að sjóðsstjórnin hefði sýnt því áhuga að styrkja endurbygginguna. Þeir Tómas og Sigurbjörn Sveinsson formaður LÍ gengu þá á fund Margrétar Hallgrímsdóttur þjóðminjavarðar og greindu henni frá þessum áhuga. Hún sendi umsókn til sjóðsins og svo fór að stjórnin ákvað að styrkja endurbygginguna með þeirri fjárhæð sem Þjóðminjasafnið áætlaði að hún myndi kosta.

–PH